



Reykjavík, 5. maí 2021  
SFS2018090150  
203. fundur

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um framlengingu samninga við tónlistarskóla í Reykjavík vegna neðri stiga tónlistarnáms og endurnýjun samninga vegna efri stiga tónlistarnáms***

Lagt er til að samningar Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla með þjónustusamning við Reykjavíkurborg vegna neðri stiga tónlistarnáms sem renna út þann 31. júlí 2021 verði framlengdir með viðauka til 31. júlí 2022, sjá upplýsingar um samningsaðila og kennslumagn í fylgiskjali 1, sem birt er með fyrirvara um endanlega útreikninga.

Þá er lagt til að samþykktir verði samningar Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla í Reykjavík vegna efri stiga tónlistarnáms á grundvelli þeirra upplýsinga sem berast munu frá Jöfnunarsjóði vorið 2021. Gildistími verði 1. september 2021 til 31. ágúst 2022. Hlutverk Reykjavíkurborgar er að miðla framlagi Jöfnunarsjóðs í samræmi við reglur sjóðsins og gera samninga við þá aðila sem falla undir samkomulag um eflingu tónlistarnáms. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er því falið að ganga frá samningum við hlutaðeigandi aðila á grundvelli upplýsinga frá Jöfnunarsjóði þegar þær berast. Samningsaðilar og fjárhæðir í fskj. 2 eru birtar með fyrirvara um greiðslur frá Jöfnunarsjóði og byggja á eldri upplýsingum frá Jöfnunarsjóði og taka breytingum í samræmi við ákvarðanir frá sjóðnum sem berast munu vorið 2021. Þá er gerður fyrirvari um að samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, sem er órjúfanlegur hluti þjónustusamninga vegna efri stiga og sem fellur úr gildi þann 31. desember 2021, verði framlengt eða endurnýjað.

Gerður er fyrirvari um að tónlistarskólarnir uppfylli skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og samningsbundnar skyldur þeirra samkvæmt núgildandi samningum.

Sviðsstjóra er falið að gera samninga um kennslu á neðri stigum í samræmi endanlega útreikninga og fjárheimildir sviðsins og samninga um efri stig í samræmi við greiðslur Jöfnunarsjóðs.

## **Greinargerð:**

### *Forsaga málsins*

Á 186. fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. júní 2020 og í borgarráði þann 13. ágúst 2020 var samþykkt tillaga um að samningar Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla með þjónustusamning við Reykjavíkurborg vegna neðri stiga tónlistarnáms sem runnu út þann 31. júlí 2020 yrðu framlengdir með viðauka til 31. júlí 2021. Þá yrði í framangreindum viðaukum kveðið á um úthlutun viðbótarstunda til þeirra tónlistarskóla sem úthlutað hefur verið viðbótarstundum í þeim tilgangi að auka jöfnuð og fjölbreytni í tónlistarnámi.

Jafnframt voru samþykktir samningar Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla í Reykjavík vegna efri stiga tónlistarnáms sem runnu út 31. ágúst 2020. Gildistími yrði 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

Á 118. fundi skóla- og frístundaráðs þann 3. maí 2017 og í borgarráði þann 11. maí 2017, voru samþykkt drög að samningum við tónlistarskóla vegna neðri stiga tónlistarnáms með fyrirvara um að skólarnir uppfylli skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla.

Með vísan til framangreinds er hér lagt til að framangreindir samningar sem samþykktir voru árið 2017 verði framlengdir.

### *Um samninga tónlistarskóla vegna neðri stiga tónlistarnáms*

Stýrihópur á vegum Reykjavíkurborgar um framtíðarskipan tónlistarnáms hefur kynnt stefnu sem nú er í umsagnarferli. Hluti þeirrar vinnu var skoðun á möguleikum á breyttu fyrirkomulagi hvað varðar dreifingu kennslumagns og nýtingu þess og það er í ljósi þess sem tillaga um framlengingu á gildandi samningum um eitt ár eða til 31. júlí 2022, vegna neðri stiga tónlistarnáms er lögð fram.

### *Um samninga tónlistarskóla vegna efri stiga tónlistarnáms*

Sveitarfélögum sem ekki reka sjálf tónlistarskóla ber samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs, vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms, að gera samninga við þá aðila sem fá fjármagn vegna verkefnisins. Gerðir eru árlegir samningar sem byggja á áætlun Jöfnunarsjóðs um framlag til sveitarfélagsins.

Alls var kennt á efri stigum tónlistarnáms í 13 tónlistarskólum í Reykjavík á yfirstandandi skólaári. Það er þó í mjög mismiklum mæli. Þrír tónlistarskólar kenna yfir 70% af kennslumagninu í borginni á þessum námsstigum. Dreifing fjármagns byggir á kostnaði hvers skóla vegna kenndra stunda, líkt og við gerð samninga um kennslu á neðri stigum. Í samningum hverju sinni er getið um lágmarkskennslumagn á skólaárinu sem byggt er á ákvörðunum Jöfnunarsjóðs.

Fyrir liggur að samkomulag um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, sem er órjúfanlegur hluti þjónustusamninga vegna efri stiga, fellur úr gildi þann 31. desember 2021. Fram kemur í 2. mgr. 7. gr. framangreinds samkomulags að ákveðið aðilar að segja samkomulaginu upp skuli tilkynning um uppsögn send með sannanlegum hætti fyrir 1. febrúar á því ári sem samkomulagið gengur úr gildi. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. samkomulagsins skulu viðræður um framlengingu samkomulagsins hefjast eigi síðar en 1. nóvember 2020 og vera lokið eigi síðar en 1. apríl 2021. Hafi ekki náðst niðurstaða um nýtt samkomulag fyrir þann tíma framlengist samkomulagið sjálfkrafa um eitt ár enda hafi því ekki verið sagt upp skv. framangreindri 2. mgr. 7. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur staðfest að hvorugur samningsaðila hefur sagt upp samkomulaginu en ekki hefur verið gengið frá nýju samkomulagi enn sem komið er.

Vegna framangreinds er gerður sá fyrirvari að samkvæmt gr. 5.5 í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla kemur fram að bein fjárframlög Reykjavíkurborgar til tónlistarskóla eru einungis vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík og falla utan samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 3. desember 2018 um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Á meðan framangreint samkomulag er í gildi leggur Reykjavíkurborg ekki til fé til tónlistarskóla umfram framlag ríkisins vegna þeirra nemenda sem falla undir samkomulagið. Verði samkomulagið hvorki framlengt né endurskoðað að gildistíma liðnum mun Reykjavíkurborg taka afstöðu til þess hvort gera eigi þjónustusamninga við tónlistarskóla um framlög vegna þeirra nemenda sem féllu undir samkomulagið og þá aðeins vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík.

#### *Skilyrði framlengingar samninga vegna neðri stiga og endurnýjunar vegna efri stiga*

Í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og í samningum við tónlistarskólana eru sett fram ýmis skilyrði er varða nýtingu fjármagns, upplýsingagjöf og fleira.

Gerður er fyrirvari um að tónlistarskólarnir uppfylli skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og samningsbundnar skyldur þeirra samkvæmt núgildandi samningum.

#### *Fjárhagsleg áhrif*

Hvað varðar tónlistarnám á neðri stigum eru áætlaðar heildargreiðslur til tónlistarskóla vegna umsamins kennslumagns í samningum vegna neðri stiga 1.107 m.kr. á samningstímabilinu 1. ágúst 2021 til 31. júlí 2022. Tekið er fram að yfirlit yfir framlög til tónlistarskóla vegna neðri stiga í fskj. 1 er birt með fyrirvara um endanlega útreikninga.

Gert er ráð fyrir framangreindu fjármagni vegna neðri stiga í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs, sjá nánar í umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 21. apríl 2021.

Leiði breytingar kjarasamninga til aukinna útgjalda er hækkun fjárframlags háð samþykktum breytingum á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Þegar kemur að tónlistarnámi á efri stigum er það hlutverk Reykjavíkurborgar að miðla framlagi Jöfnunarsjóðs í samræmi við reglur sjóðsins og gera samninga við þá aðila sem falla undir samkomulag um eflingu tónlistarnáms. Samningar vegna framlagsins hafa því ekki útgjaldaáhrif á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.

## Fylgiskjal 1

Yfirlit yfir kennslumagn skv. ráðgerðum viðauka við samninga við tónlistarskóla vegna neðri stiga tónlistarskólanáms frá 1. ágúst 2021 til 31. júlí 2022, með fyrirvara um endanlega útreikninga.

Tónlistarskólar	Kennitala	Á ári	Ág. til des.	Jan. til júl.	Stundir	Pr. stund
Samtök um Allegro Suzukitónlistarskóla	640998-2029	33.727.542	14.053.142	19.674.399	2.125	15.872
Nýi tónlistarskólinn	420179-0229	71.768.388	29.903.495	41.864.893	4.967	14.449
Píanóskóli Þorsteins Gauta	440500-2650	27.806.387	11.585.995	16.220.393	2.128	13.067
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	570588-1689	76.671.267	31.946.361	44.724.906	4.976	15.408
Söngskólinn Domus Vox	530314-1620	14.309.992	5.962.497	8.347.496	1.102	12.985
Söngskóli Sigurðar Dementz	620217-0420	28.731.373	11.971.406	16.759.968	1.879	15.291
Söngskólinn í Reykjavík	570474-0739	28.272.093	11.780.039	16.492.054	1.923	14.702
Tónlistarskóli FÍH	490680-0129	95.663.017	39.859.591	55.803.427	6.322	15.132
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	710111-1890	94.981.752	39.575.730	55.406.022	6.312	15.048
Tónskóli Eddu Borg	620202-3630	58.661.096	24.442.123	34.218.973	4.271	13.735
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar	660269-0619	223.383.111	93.076.296	130.306.815	14.658	15.240
Tónskólinn Do Re Mi	590794-2369	72.436.619	30.181.925	42.254.694	4.849	14.938
Gítarskóli Íslands	560102-4450	32.397.655	13.499.023	18.898.632	2.377	13.630
Tónlistarskóli Árbæjar	540699-2329	80.437.627	33.515.678	46.921.949	5.680	14.162
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	510478-0299	103.788.548	43.245.228	60.543.320	7.268	14.280
Tónlistarfélagið Strengir	430899-2019	33.857.160	14.107.150	19.750.010	2.483	13.636
Tónstofa Valgerðar	481101-2040	29.672.860	12.363.692	17.309.168	1.767	16.793
<b>ALLS</b>		<b>1.106.566.488</b>	<b>461.069.370</b>	<b>645.497.118</b>	<b>75.087</b>	<b>14.737</b>

## Fylgiskjal 2

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir upphæðir í samningum vegna efri stiga tónlistarnáms vegna yfirstandandi skólaárs 2020-2021 og lágmarkskennslumagn á árinu reiknað út samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs. Upplýsingar frá Jöfnunarsjóði vegna skólaársins 2021-2022 liggja ekki fyrir.

Tafla vegna skólaársins 2020-2021 – beðið er upplýsinga frá Jöfnunarsjóði vegna skólaársins 2021-2022 og því er nú ekki ljóst hver niðurstaðan verður.

Tónlistarskóli	Kennitala	Stundafjöldi JS 20-21	Hlutfall af heild	Framlag miðað við JS upphæð	Mánaðarlegt framlag	Lágmarks kennslumagn í samn.20-21
Nýi tónlistarskólinn	420179-0229	1148	5,5%	14.618.678	1.218.223	975
Píanóskóli Þorsteins Gauta	440500-2650	346	1,7%	4.000.468	333.372	267
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	570588-1689	586	2,8%	7.957.226	663.102	530
Söngskóli Sigurðar Dementz	620217-0420	5101	24,6%	68.745.845	5.728.820	4.583
Söngskólinn Domus Vox	530314-1620	1001	4,8%	11.484.894	957.074	766
Söngskólinn í Reykjavík	570474-0739	5939	28,7%	76.901.838	6.408.487	5.127
Tónlistarskóli Árbæjar	540699-2329	161	0,8%	2.002.678	166.890	134
Tónlistarskóli FÍH	490680-0129	134	0,6%	1.781.099	148.425	119
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	710111-1890	994	4,8%	13.196.232	1.099.686	880
Tónskóli Eddu Borg	620202-3630	51	0,2%	611.313	50.943	41
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar	660269-0619	3659	17,7%	49.184.934	4.098.744	3.279
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	660269-1349	956	4,6%	12.409.251	1.034.104	827
Tónskólinn Do Re Mi	590794-2369	655	3,2%	8.634.555	719.546	576
<b>SAMTALS:</b>		<b>20728</b>		<b>271.529.011</b>	<b>22.627.418</b>	<b>18.102</b>